

Matarprjónar

Matarprjónar eru pör af litlum aflöngum prjónum sem eru hefðbundin mataráhöld í Kína, Japan, Kóreu og Víetnam.¹ Þeir eru oftast úr bambus þar sem það er bragðlaust, ódyrt og algengt efni sem auðvelt er að kljúfa auk þess sem það er hitaþolið, en einnig er algengt að þeir séu úr víði, málm, beini, hornum dýra, agati, jaði, postulíni, kóral og nú á dögum úr plasti.²

Aðalgerðir matarprjóna eru þrjár: Kínverskir prjónar, sem eru langir viðarprjónar með ávala enda; japanskir, sem eru stuttir viðarprjónar, einnig með ávala enda og kóreskir, sem eru stuttir málmprjónar með þverskorna enda, þó viðarútgáfur séu einnig notaðar.

Hönnun

Hönnun prjónanna er afar einföld, einfaldlega stutt, þunn prik með þverskurðarflatarmál minna en einn fersentímetri, lengd mismunandi. Annar endinn er svo aðeins þynnri en hinn og er það sá endi sem snýr að matnum. Notkun þeirra er list, sem getur tekið allnokkurn tíma að ná tökum á.

Kjöt, grænmeti, núðlur og annað í matnum er skorið niður, svo auðvelt sé að taka upp bitana með prjónunum og hrísgrjón eru elduð þannig að þau festist saman, ólíkt þeim hrísgrjónum, sem algeng eru annars staðar í heiminum, einmitt svo auðvelt sé að taka upp bita af þeim með prjónunum.³

Hefðbundnir japanskir matarprjónar eru venjulega um 22 cm að lengd en einnota waribashi prjónar eru um tveimur sentímetrum styttri, kínverskir prjónar eru svo ögn lengri eða um 25 cm.

Saga matarprjóna

Prjónarnir eru taldir hafa verið þróaðir fyrir um það bil 3000–5000 árum í Kína (nákvæmara ártal en það þekkest ekki). Þeir höfðu svo þegar komið var fram á 4. öld dreift frá Kína á það svæði sem í dag er Japan, Kórea og Víetnam.⁴

Líklega má rekja uppruna þeirra til þess að brjóta greinar af trjám til að borða með og enn fremur þess að mikil hungursneyð og fólksfækkun varð um 4. öld f.Kr., sem neyddi fólk til að spara orku. Var matur þá skorinn í litla búta til að hægt væri að elda hann hraðar og með minni eldivið.

Talið er að kínverski heimspekingurinn Konfúsíus sem uppi var á 6–5. öld f.Kr. hafi haft umtalsverð áhrif á aukna notkun matarprjóna. Hann ráðlagði fólki að nota ekki hnifa við matarborðið þar sem þeir myndu minna það á sláturhúsið og væru þar með og ofbeldisfullir til að hægt væri að nota þá þar.

Verkfæri sem minna á matarprjóna hafa auk þess verið grafinn upp við fornleifagröft í Megiddo í Ísrael og voru þeir í eigu innrásarhers Skíþíumanna, sem réðst inn í Kanaan á tíma Móses og Jósúa. Uppgötvun þessi sýnir, hve mikil vöruskipti milli Miðausturlanda og Austurlanda fjær voru á þessum tíma.

Í Japan voru matarprjónar upprunalega álitinn verðmætur varningur, sem var eingöngu notaður í trúarlegum athöfnum. Japanir voru svo fyrstir til að lakka prjónana á 16. öld. Við það urðu þeir örlítið sleipari en mun endingarbetri.

Heimild

Wikipedia. Frjálsa alfræðiritið. 2015. Matarprjónar. 7. maí. Sótt 2. ágúst 2019 af <https://is.wikipedia.org/w/index.php?title=Matarprj%C3%B3nar&oldid=1504092>

¹ Þau eru oft kölluð „Matarprjónalöndin fjögur“.

² Þar að auki skiptast allir prjónar í tvo flokka: Einnota prjóna „waribashi“ – og svo hefðbunda prjóna — eða þá sem ætlaðir eru til langvarandi notkunar.

³ Matreiðsla í Austur-Asíu, sem er það svæði sem þeir eru aðallega notaðir á, er sniðin að notkun þeirra.

⁴ Á 10. öld var farið að búa til matarprjóna í tveimur hlutum í stað eins hluta með samanliggjandi svæði á toppnum, sem þurfti svo að brjóta við notkun, prjónar í gamla stílnum eru þó enn gerðir og þá sérstaklega notaðir sem einnota.